

Viðskiptaskilmálar Borgunar

1. Túlkun.....	2	28. Réttur Borgunar til að breyta seljandasamningi.....	20
2. Skilgreiningar.....	3	29. Tilkynning um breytingar.....	21
3. Móttaka korta.....	6	30. Réttur seljanda til að segja upp samningi.....	21
4. Skylda til að móttaka öll kort.....	8	31. Force Majeure.....	21
5. Endurgreiðslur.....	8	32. Heildarsamningur.....	21
6. Trúnaðarskyldur og öryggi kortaupplýsinga.....	9	33. Útvistun og notkun undirvinnsluaðila og umboðsaðila.....	22
7. Geymsla upplýsinga.....	10	34. Ógilding.....	22
8. Skylda til að veita Borgun upplýsingar og aðgengi.....	10	35. Engar undanþágur eða breytingar.....	22
9. Heimild seljanda til notkunar merkja kortafélaganna og merkja Borgunar.....	11	36. Tilkynningar.....	22
10. Heimildagjöf.....	11	37. Lög sem gildi um samninginn.....	23
11. Færslukvittanir.....	12	38. Úrlausn ágreiningsmála.....	23
12. Innsending færslna.....	13	39. Gildissvið og umsókn.....	23
13. Endurkröfur og starfsemi umfram viðmiðunarmörk.....	13	40. Heimild til að gera færslur á kort þegar kort er ekki á staðnum.....	23
14. Uppgjör.....	13	41. Söfnun og varðveisla upplýsinga.....	24
15. Ólögmatar færslur.....	14	42. Færslukvittanir.....	24
16. Lágmarksfjárhæð uppgjörs.....	14	43. Gildissvið og umsókn.....	24
17. Þjónustubóknanir og önnur gjöld.....	15	44. Heimild til að taka við greiðslum á netinu. 24	
18. Frádráttur, leiðréttingar og áhættustýringar.....	15	45. Upplýsingagjöf á vefsíðum.....	24
19. Réttur Borgunar til að halda eftir uppgjöri 16		46. Færslukvittanir.....	25
20. Persónuvernd.....	17	47. Öryggi og dulkóðun.....	25
21. Skaðleysisábyrgð seljanda.....	17	48. Notkun á samstarfsaðilum.....	25
22. Takmarkanir á ábyrgð Borgunar.....	18	49. Uppgjör.....	25
23. Gildistími seljandasamnings.....	18	50. Veltutrygging og öryggi.....	25
24. Uppsögn seljanda.....	18		
25. Uppsögn af hálfu Borgunar.....	19		
26. Uppsögn að hluta og lokun á númeri seljandasamnings.....	20		
27. Afleiðingar uppsagnar.....	20		

I. INNGANGUR OG GILDISSVIÐ

Skilmálar þessir gilda í samningssambandi Borgunar hf. ("Borgun" eða "Færsluhirðir") og seljanda ("Seljandi") vöru og/eða þjónustu sem gert hefur samning við Borgun um færsluhirðingarþjónustu vegna færslna seljanda á tiltekin greiðslukort.

Borgun er fjármálafyrirtæki skráð á Íslandi með kennitölu 440686-1259. Borgun er með starfsleyfi frá og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Finna má skrá yfir íslensk fjármálafyrirtæki á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is. Borgun er til húsa að Ármúla 30, 108 Reykjavík.

Borgun hefur, samkvæmt samningum við kortafélagin, leyfi til að færsluhirða og vinna færslur til heimildargjafar, fjárhagsfærslna og uppgjörs.

Skilmálar þessir (eins og þeir eru á hverjum tíma) ásamt umsókn um seljandasamning og viðhengjum við hann, vinnslusamningi, gjaldskrá, öryggis-tilmælum eða ráðstöfunum, og/eða leiðbeiningar eða hver önnur skjöl sem tilgreind eru á hverjum tíma sem hluti seljandasamnings, mynda "Seljandasamning" aðila.

Allar tilvísanir seljandasamnings í skilmála eru tilvísanir í skilmála þessa sem og til umsóknar um seljandasamning og viðhengja við hann, vinnslusamning, gjaldskrá og önnur þau skjöl sem á hverjum tíma eru skilgreind sem hluti seljandasamnings. Borgun áskilur sér rétt á hverjum tíma til breytinga á skilmálum þessum eins og nánar er tilgreint í kafla IX breytingar.

Samkvæmt og í samræmi við skilmála seljandasamningsins er seljanda heimilt að bjóða viðskiptavinum sínum að greiða fyrir vöru og/eða þjónustu með kortum gefnum út undir merkjum kortafélaganna. Skilmálar þessir kveða á um þau skilyrði sem uppfyllt þurfa að vera vegna móttöku korta og innsendingar færslna í kerfi Borgunar til heimildargjafar, fjárhagsfærslna og uppgjörs.

Seljandasamningur tekur gildi annað hvort: (a) þegar seljandi hefur undirritað umsókn um seljandasamning og Borgun hefur samkvæmt umsókn gefið út seljandanúmer; eða (b) þegar seljandasamningur hefur verið undirritaður af báðum aðilum og Borgun hefur gefið út seljandanúmer samkvæmt umsókn um

seljandasamning. Í báðum tilvikum telst dagsetning samnings vera sá dagur sem Borgun gefur út seljandanúmer samkvæmt umsókn þar um nema annað sé sérstaklega tilgreint í umsókn. Með því að gangast í samningssamband við Borgun og senda inn færslur vegna móttækinnna korta telst seljandi hafa samþykkt skilmála þessa sem og önnur skilyrði seljandasamnings.

Skilmálar þessir taka gildi þann 31. júlí 2018 og fella úr gildi fyrri skilmála.

II. TÚLKUN OG GILDISSVIÐ

1. Túlkun

- 1.1. Allar tilvísanir í seljandasamningi til laga, reglugerða eða reglna, þar með talið reglna kortafélaganna, teljast vera til gildandi laga, reglugerða og reglna eins og þau eru á hverjum tíma með breytingum, viðbótum eða uppfærslum.
- 1.2. Tilvísun í skilmála þessa, umsókn um seljandasamning, seljandasamning eða annað eyðublað eða skjal sem vísað er til í seljandasamningi skal teljast tilvísun í viðkomandi samning eða skjal eins og það er á hverjum tíma þ.e. með öllum samþykktum breytingum og viðaukum.
- 1.3. Stangist einhver ákvæða skilmála þessara á við texta ákvæðis í seljandasamningi þá skal ákvæði skilmála víkja.
- 1.4. Stangist ákvæði seljandasamningsins á við reglur kortafélaganna þá skal ákvæði seljandasamnings víkja.
- 1.5. Fyrirsagnir í seljandasamningi og tengdum skjölum eru settar til þæginda fyrir lesanda og skulu ekki hafa áhrif á túlkun viðkomandi skjala.
- 1.6. Þau hugtök sem skilgreind eru í skilmálum þessum skulu hafa sömu merkingu í öðrum tengdum skjölum s.s. umsókn, samningi og/eða reglum kortafélaganna.
- 1.7. Að öllu jöfnu skulu eintölu orð einnig ná til fleirtölu og öfugt.

- 1.8. Aðili telst samkvæmt samningi þessum vera einstaklingur, fyrirtæki eða eining í annars konar félagiformi (óháð því hvort viðkomandi teljist sérstök lögpersóna eða ekki).
- 1.9. Ef annað er ekki sérstaklega tekið fram þá skal tilvísun til aðila einnig ná til eftirmanna, framsals- og afsalshafa þeirra.
- 1.10. Þegar kveðið er á um bann seljanda við að aðhafast eitthvað þá innifelur slíkt bann einnig í sér skyldu seljanda til að setja bann við slíkri athöfn í starfsemi sinni.

Orð sem fylgja orðasamböndunum “þar með talið” og “til dæmis” eða öðrum sambærilegum orðasamböndum eru sett fram til frekari skýringar og skulu aldrei hafa áhrif til þengri túlkunar texta sem þau tengjast.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Í seljandasamningi þessum, þar sem samhengi texta leyfir, skulu eftirfarandi hugtök skilgreind með þeim hætti sem hér segir:

Aðili að kortafélögunum: Aðili sem starfar undir leyfi eins eða fleiri kortafélaga.

CVM (Cardholder Verification Method) mörk: Fjárhæðarmörk sem kortafélögin setja vegna tiltekinna tegunda færslna.

Endurgreiðsla: Færsla sem gerð er til leiðréttingar fyrir greiðslu þ.e. endurgreiðsla upphaflegrar úttektar, s.s.þegar korthafi skilar vöru eða afpantar fyrirfram greidda vöru eða þjónustu eða af einhverjum öðrum ástæðum á rétt á endurgreiðslu t.d. vegna þess að seljandi hefur ekki afhent vöru eða þjónustu að hluta eða öllu.

Endurkrafa: Aðgerð sem skilgreind er í reglum kortafélaganna þar sem kortaútfandi getur endurkrafið Borgun um fjárhæð úttektar í heild eða að hluta og Borgun getur með sama hætti krafið seljanda um sömu fjárhæð.

Endurkröfugjald: Gjald sem Borgun innheimtir af seljanda vegna hverrar færslu sem gerð er endurkrafa á.

Frádráttur vegna veltutryggingar: Tilgreint hlutfall (prósenta) heildarfjárhæðar allra færslna.

Færsla: Aðgerð framkvæmd af korthafa og seljanda sem leiðir til tilfærslu fjár af eða á reikning korthafa. Færsla telst einungis vera “gild” þegar öll neðangreind skilyrði eru uppfyllt:

- færsla er greiðsla fyrir vöru og/eða þjónustu sem veitt er af seljanda sjálfum frá starfsstöð seljanda;
- vara/þjónusta er samkvæmt þeim upplýsingum sem seljandi gaf um starfsemi sína á umsókn um seljandasamning;
- færslan sem og aðferð við að veita vöru/þjónustu eru í samræmi við lög, reglugerðir og reglur;
- færslan sem og aðferð við að veita vöru/þjónustu eru í samræmi við reglur kortafélaganna; og
- seljandi uppfyllir öll skilyrði seljandasamnings um færslur og vörur/þjónustu sem heimilt er að veita.

Færsla án korts: Færsla á kort þar sem korti er ekki framvísað. Til þess að taka af allan vafa þá falla hér undir allar úttektir sem myndu teljast fjarsala þ.m.t. símsala, úttektir í sjálfsafgreiðslutækjum, netfærslur og greiðslur gerðar í gegnum fjarskipti s.s. með veglyklum.

Færsla með korti: Færsla þar sem korti er framvísað af korthafa á mannaðri afgreiðslustöð á þeim tíma sem færslan er gerð.

Færslufjárhæð: Heildarfjárhæð færslu eins og hún er tilgreind í uppgjöri seljanda í tilgreindri uppgjörsmýnt.

Færslugjald: Fast gjald, sem leggst á hverja heimilaða/uppgerða færslu og fast gjald sem leggst á hverja hafnaða/ógilda færslu, eins og það er skilgreint í gjaldskrá Borgunar.

Færslukvittun: Rafræn eða pappír staðfesting færslu, útbúin við sölu, sönnun kaupa eða endurgreiðslu.

Gjaldskrá: Gildandi gjaldskrá Borgunar, vegna þjónustu á því svæði sem seljandi starfar. Í gjaldskrá eru tilgreindar fjárhæðir og/gjöld sem greiðast skulu af seljanda og ekki eru þegar tilgreind í seljandasamningi aðila. Gjaldskrá Borgunar er aðgengileg seljanda á þjónustuvef Borgunar. Sé ekki í gildi gjaldskrá fyrir það svæði sem seljandi starfar á skulu gjöld vera sérstaklega umsamin í samningi aðila.

Gjöld: Öll gjöld sem seljanda ber að greiða Borgun fyrir þjónustu samkvæmt seljandasamningi, s.s. þjónustubókun, endurkröfugjald, færslugjald, millikortagjald, gjöld kortafélaganna og uppgjörsgjald.

Gjöld kortafélaganna: Gjöld á kortafærslur, ákveðin af kortafélagunum.

Kort: Gilt greiðslukort útgefið undir leyfum kortafélaganna eða útgáfa þess hefur með öðrum hætti hlotið samþykki kortafélaganna.

Kortafélögin: Visa Inc., MasterCard Worldwide, Unionpay International og önnur þau alþjóðleg eða svæðisbundin kortafélög sem Borgun hefur á hverjum tíma heimild frá til að bjóða færsluhirðingarþjónustu. Sérstaklega er skilgreint í umsókn og/eða seljandasamningi kortum hvaða kortafélaga seljanda er heimilt að móttaka samkvæmt samningi.

Kortamerki: Einkaréttarlega varin samsetning nafns, merkis og litar sem notað er sem sjónrænt kennimark viðkomandi kortafélags.

Kortaútgefandi: Aðili sem starfar samkvæmt leyfum kortafélaganna og gefur út kort til korthafa í samræmi við reglur þeirra.

Korthafi: Einstaklingur sá er kort er gefið út til og hefur heimild til að nota útgefið kort.

Kortnúmer: Kortnúmer eða kortareikningsnúmer (e. Primarty Account Number eða PAN) er einkvæm númeraröð sem er upphleypt eða þrykkt á greiðslukortið og notuð er til að auðkenna kortareikning korthafa.

Kvittun vegna endurgreiðslu: Staðfesting seljanda, rafræn eða á pappír, á endurgreiðslu.

Markaðsnafn: Það nafn sem seljandi notar til kynningar og í viðskiptum á markaði (þegar ekki er notað skráð lögheiti).

MCC (Merchant Category Code): Fjögurra stafa talnaröð (kóði) sem notuð er til að auðkenna tegund viðskipta sem seljandi stundar. MCC kóðar eru settir af alþjóðlega staðlaráðinu (e. International Organization for Standardization)

Merki Borgunar: Nafn Borgunar, merki, vörumerki (skráð eða óskráð) sem og önnur orð, merki eða litir sem notuð eru til að einkenna Borgun.

Millikortagjald: Gjald, greitt af Borgun með beinum eða óbeinum hætti (þ.e. í gegnum þriðja aðila) til kortaútgefanda fyrir hverja færslu og endurheimtir Borgun gjaldið af seljanda.

Númer seljandasamnings: Einkvæmt númer sem notað er til að auðkenna seljanda, einstaka afgreiðslutæki hans eða útibú. Nota má sama seljandanúmerið á fleiri en einni

starfsstöð hafi slíkt verið sérstaklega samþykkt í seljandasamningi.

Ólögmat færsla: Færsla eða tilraun til óréttmætrar færslu. Einkum er vísað til:

- færsla fyrir vöru og/eða þjónustu sem veitt er af öðrum en seljanda sjálfum eða þegar færsla er gerð í þeim tilgangi að greiða öðrum en seljanda sjálfum;
- færsla fyrir vöru/þjónustu sem veitt er frá öðrum stað en starfsstöð seljanda;
- færsla fyrir vöru/eða þjónustu annarrar tegundar eða eðlis en tilgreint var í umsókn seljanda;
- færsla sem er ekki réttmæt eða sem seljandi veit eða mátti vita að sé sviksamleg eða hafi ekki verið heimiluð af korthafa;
- færsla vegna vöru/þjónustu sem brýtur í bága við lög eða reglur;
- færsla vegna vöru/þjónustu sem brýtur í bága við reglur kortafélaganna;
- færsla vegna vöru/þjónustu sem með einhverjum hætti samræmist ekki skilmálum seljandasamnings; eða
- færsla sem gerð er í þeim tilgangi að komast fram hjá ofangreindum ákvæðum.

PCI/DSS staðall: Staðall (e. The payment card industry (PCI) data security standard (DSS)) er alþjóðlegur upplýsingaöryggisstaðall settur af Payment Card Industry Security Standards ráðinu (PCI SSC) og er birtur á vefsíðunni: <http://www.pcisecuritystandards.org/>.

QPS: Mastercard Quick Payment Service, þjónusta um flýttgreiðslur eins og hún er skilgreind af Mastercard.

Reglur kortafélaganna: Reglur og staðlar kortafélaganna, sem ná til þátta er tengjast greiðslukortum og kortamerkjum birtar aðilum að kortafélögunum. Reglur kortafélaganna eru aðgengilegar á vefsvæðum kortafélaganna. Það er hlutverk hvers og eins kortafélags að túlka og framfylgja eigin reglum.

Snertilaus færsla: Færsla gerð með því að korthafi ber kort eða annað tæki sem búið er rafeindabúnaði (near field communication NTC) að afgreiðslutæki.

Starfsemi umfram viðmiðunarmörk: Þegar hlutfall endurkrafna er yfir 1% af fjárhæð heildarveltu seljanda í mánuði, þegar hlutfall sviksamlegra færslna er yfir 1% af fjárhæð heildarveltu í mánuði og/eða þegar heildarfjárhæð endurgreiðslna fer yfir 5% af heildarveltu seljanda í mánuði.

Starfsstöð seljanda: Staðsetning starfsstöðvar seljanda eins og hún er tilgreind í umsókn um seljandasamning.

Umboðsaðili (e. Independent Sales Organization ISO): Þjónustuaðili, skráður hjá kortafélögunum, sem veitir tiltekna þjónustu s.s. sölu færsluhirðingarþjónustu, þjónustu við korthafa/seljendur, fræðslu og þjálfun seljenda og dreifingu afgreiðslutækja.

Umsókn um seljandasamning: Eyðublað Borgunar útfyllt af seljanda.

Uppgjörsgdagur: Dagurinn þegar uppgjörsfjárhæð er gerð upp við seljanda í samræmi við ákvæði seljandasamnings. Uppgjörstíðni og tími frá því færsla er gerð þar til hún er greidd skal vera skilgreind í umsókn seljanda um seljandasamning eða í öðrum skriflegum samningi aðila þar um.

Uppgjörsfjárhæð: Fjárhæð í uppgjörsmýnt. Andvirði allra gildra færslna á uppgjörstímabili að frádregnum umsömdum gjöldum, kostnaði eða öðrum kröfum sem Borgun er heimilt að draga frá andvirði innsendra færslna hvort sem er samkvæmt ákvæðum seljandasamnings eða lögum.

Uppgjörsmýnt: Gjaldmiðill sem færslur til seljanda eru gerðar upp í. Uppgjörsmýnt skal vera tilgreind í umsókn um seljandasamning eða í seljandasamningi aðila.

Veltutrygging: Veltutryggingarsjóður sem stofnast með þeim hætti að fé er haldið eftir af uppgjörum seljanda í samræmi við seljandasamning.

Vinnslusamningur: Samningur Borgunar og seljanda þar sem skilgreind eru skilyrði vinnslu persónuupplýsinga korthafa og/eða persónuupplýsinga tengdum færslum.

Virkir dagar: Virkir dagar eru þeir dagar þegar bankar eða aðrar fjármálastofnanir í Reykjavík eru almennt opnar fyrir viðskiptum í tilgreindri uppgjörsmýnt og bankar eru opnir í heimalandi/-borg seljanda og þar sé hægt að eiga viðskipti í uppgjörsmýnt.

Þjónustuaðili (e. Third Party Processor (TPP)): Þjónustuveitandi sem samið hefur við seljanda um vinnslu/vísun færslna eða aðra tækniþjónustu. Aðili sem þjónar seljanda vegna afgreiðslutækja, vísun heimildarbeiðna, söfnun upplýsinga á rafrænu formi, skráarvinnslu og/eða aðra vinnslu korthafa- eða færsluupplýsinga telst vera þjónustuaðili.

Þjónustuvefur: Vefaðgangur fyrir seljendur í færsluhirðingarþjónustu hjá Borgun, þar sem seljandi getur skoðað færslur og uppgjör, auk þess sem hann getur mótttekið tilkynningar og átt samskipti við Borgun með öruggum hætti.

Þjónustuveitandi (e. Service Provider): Stofnun eða lögaðili sem veitir aðilum að

kortafélögunum einum eða fleiri, skilgreinda þjónustu. Þjónustuveitandi verður að vera skráður hjá kortafélögunum og er einungis heimilt að veita þá þjónustu sem tilgreind hefur verið við skráningu.

Þjónustubóknun: Gjöld seljanda til Borgunar fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt seljandasamningi þ.m.t. seljandaþóknun.

Örgjörvafærsla: Færsla þar sem korthafi stingur korti í afgreiðslutæki sem búið er örgjörvalesara.

Öryggisatvik (e. Account Data Compromise Event): Atvik sem opnar, beint eða óbeint, fyrir óheimilan aðgang að kerfum og/eða gögnum.

3D Secure: Öryggisbúnaður kortafélaganna s.s. “MasterCard SecureCode” og “Verified by Visa” notaður til þess að koma í veg fyrir sviksamlegar kortafærslur á netinu.

III. ÁBYRGÐ OG SKYLDUR SELJANDA

3. Móttaka korta

3.1. Að því gefnu að farið sé að skilyrðum seljandasamnings, er seljanda heimilt að taka við kortum þeirra tegunda sem tilgreindar voru í umsókn hans um seljandasamning. Borgun mun hirða færslur seljanda, annast heimildagjöf, fjárhagsfærslur og uppgjör gildra færslna. Borgun ber ekki skylda til að annast færsluhirðingarþjónustu vegna færslna sem ekki eru réttmætar. Ef Borgun hefur sett færsluhirðingu seljanda sérstök skilyrði þá skulu slík skilyrði teljast hluti seljandasamnings.

3.2. Það er á ábyrgð seljanda að taka í notkun og viðhalda á eigin kostnað sölu- og afgreiðslukerfi eða afgreiðslutæki (Posa) sem gera honum kleift að móttaka greiðslur með kortum í samræmi við skilmála seljandasamnings.

3.3. Seljanda er óheimilt að heimila eða senda inn færslur þar sem úttekt er gerð án korts nema

- slíkt hafi sérstaklega verið heimilað í seljandasamningi.
- 3.4. Starfsemi seljanda má ekki brjóta í bága við lög, reglugerðir eða reglur kortafélaganna. Seljandi má ekki gefa það í skyn að hann sé aðili að kortafélögunum.
- 3.5. Seljanda er, undantekningarlaust, óheimilt að taka á móti korti sem greiðslu fyrir eitthvað af eftirtöldu:
- (a) greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu sem veitt er af öðrum en seljanda sjálfum, eða þar sem færsla er gerð í þeim tilgangi að koma greiðslu til aðila annars en seljanda sjálfs;
 - (b) greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu sem veitt er frá öðrum stað en starfsstöð seljanda;
 - (c) greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu aðra en þá sem tilgreind var í umsókn seljanda um seljandasamning;
 - (d) færslu sem ekki er samþykkt af korthafa;
 - (e) sviksamlegum eða óréttmætum færslum;
 - (f) færslu sem áður hefur verið mótmælt, eldri kortafærslu, kröfu um greiðslu ógilds tékka og eða til að innheimta kröfu sem seljandi hafði áður talið ómögulegt að innheimta;
 - (g) greiðslu vegna vöru og/eða þjónustu sem brýtur í bága við lög eða reglur í heimalandi seljanda og/eða korthafa;
 - (h) greiðslu vegna vöru og/eða þjónustu sem brýtur í bága við reglur kortafélaganna;
 - (i) greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu sem er til þess fallin að skaða viðskiptavild kortafélaganna, Borgunar, greiðslukerfi kortafélaganna og/eða draga úr virði merkja kortafélaganna og/eða Borgunar; eða
- (j) greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu sem á einhvern hátt brýtur í bága við ákvæði seljandasamnings eða eru framkvæmdar með það að sjónarmiði að fara í kringum ákvæði seljandasamnings.
- 3.6. Seljandi má ekki gera það að skilyrði fyrir móttöku korts sem greiðslu að korthafi afsali sér rétti sínum til að mótmæla færslu.
- 3.7. Seljandi má búa afgreiðslutæki sín þannig að við móttöku korta sem bera fleiri en eitt merki (e. co-branded) velji tækið tiltekin merki frammar öðrum. Seljanda er þó ávallt óheimilt að meina korthafa að breyta vali afgreiðslutækis á því undir hvaða merki færsla skuli gerð.
- 3.8. Seljanda er óheimilt að gera kröfu um lágmarksfjárhæð færslu.
- 3.9. Seljanda er skylt að birta endanlegt verð vöru og/eða þjónustu (nema í þeim tilvikum sem hann veitir staðgreiðsluafslátt) og honum er óheimilt að bæta kostnaði eða gjöldum við þegar birt verð þegar korthafi ákveður að greiða með korti, nema slíkt sé heimilt samkvæmt lögum Evrópska efnahagssvæðisins eða laga í heimalandi seljanda.
- 3.10. Seljandi má hvorki beint né óbeint krefjast þess að korthafi inni af hendi viðbótargreiðslu þegar greitt er með korti, nema slíkt sé heimilt samkvæmt lögum Evrópska efnahagssvæðisins eða laga í heimalandi seljanda.
- 3.11. Seljandi skal tryggja að markaðsnafn hans sé tilgreint í tengslum við þjónustu hans og að nafnið sé sýnilegt á öllum stigum viðskiptanna við korthafa. Seljandi skal tryggja að korthafi geti treyst ábyrgð seljanda í viðskiptunum, þar með talið á afhendingu vöru og þjónustu sem greitt var

fyrir, almennri þjónustu tengdri viðskiptunum og úrlausn ágreiningsmála.

- 3.12. Seljandi má ekki endurgreiða kortafærslu með reiðufé nema í gegnum sérstaka þjónustuleið kortafélaganna sem seljandi þarf þá að vera skráður í sem og að uppfylla þátttökuskilyrði. Seljanda er þó heimilt að greiða reiðufé sé starfsemi hans fólgin í innlausn ferðatékka, móttöku sérstakra ferðakorta sem útgefin eru af kortafélögunum eða vegna sérstakrar þjónustu um miðlun gjaldmiðla að því gefnu að Borgun hafi gefið samþykki sitt fyrir því að hirða færslur hans í tengslum við slík viðskipti. Þegar slíkt á við takmarkast fjárhæð færslu ætíð við fjárhæð ferðatékka, ferðakorts eða fjárhæðar í erlendri mynt að viðbættri þóknun seljanda. Undir engum kringumstæðum er seljanda heimilt að greiða korthafa í ferðatékkum þegar ætlun var að greitt yrði fyrir vöru og/eða þjónustu með reiðufé.

- 3.13. Það er á ábyrgð seljanda að starfsmenn hans fari í hvívetna að ákvæðum seljandasamnings.

4. Skylda til að móttaka öll kort

- 4.1. Seljandi má ekki, nema þegar lög eða reglur kortafélaganna kveða á um slíkt, neita að taka við korti á grundvelli þess hver korthafi eða útgefandi korts er.
- 4.2. Seljandi má óska eftir, en ekki gera að skilyrði fyrir móttöku korts, að korthafi framvísi skilríkjum eða auðkenni sig á annan hátt, nema slíkt sé nauðsynlegt til að framkvæma megi viðskipti s.s. vegna sendingar eða þegar reglur kortafélaganna heimila eða kveða sérstaklega á um að afla skuli slíkra viðbótarupplýsinga.
- 4.3. Seljanda er skylt að gæta jafnræðis við móttöku korta sem gefin eru út innan Evrópska efnahagssvæðisins og lúta sömu milligjöldum. Seljandi má ekki stunda viðskiptahætti sem mismuna korthöfum eða

hvetja viðskiptavinum til að framvísa öðrum greiðslumiðlum en korti nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum Evrópska efnahagssvæðisins eða lögum heimalands seljanda. Seljanda er þó aldrei skylt að taka á móti debetkortum kjósi hann að móttaka kreditkort og öfugt. Seljanda er ekki skylt að móttaka fyrirtækjakort sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu.

- 4.4. Seljandi skal móttaka öll gild kort sem hann hefur heimild til að móttaka og eru útgefin utan Evrópska efnahagssvæðisins undir merkjum kortafélaganna.

5. Endurgreiðslur

- 5.1. Seljandi má einungis framkvæma endurgreiðslu á kortareikning korthafa þegar endurgreiða á kortafærslu sem gerð var á þann sama kortareikning í tengslum við sölu á vöru eða þjónustu.
- 5.2. Seljandi má ekki endurgreiða kortafærslu með neinum öðrum hætti, s.s. reiðufé eða tékka, en með rafrænni bakfærslu eða endurgreiðslu á kortareikning. Með sama hætti er seljanda óheimilt, þegar viðskiptavinur greiðir fyrir vöru eða þjónustu með reiðufé að endurgreiða með greiðslu inn á kortareikning.
- 5.3. Einungis má endurgreiða kortafærslu inn á reikning þess korts sem framvísað var í þeim viðskiptum sem verið er að endurgreiða. Endurgreiðsla skal vera í sömu mynt og upphaflega færslan og má vera að fjárhæð allt að eða jöfn upprunalegri færslu en má ekki vera hærri fjárhæðar.
- 5.4. Seljandi skal greiða Borgun fjárhæð endurgreiðslu að fullu, ásamt þeim gjöldum og þóknunum sem á hana leggjast, þegar hennar er krafist. Seljandi á ekki rétt á endurgreiðslu þeirra gjalda og þóknana sem hann greiddi vegna þeirrar færslu sem var endurgreidd korthafa.
- 5.5. Seljanda er óheimilt að greiða inn á reikning korthafa í öðrum tilvikum en þegar

endurgreiða á fyrri færslu, nema slíks sé krafist af Borgun, samkvæmt reglum kortafélaganna eða slíkt sé skylt lögum samkvæmt.

6. Trúnaðarskyldur og öryggi kortaupplýsinga

- 6.1. Seljandi skal gæta fyllsta trúnaðar gagnvart korthafa vegna viðskipta þeirra á milli. Seljandi ber auk þess ábyrgð á að tryggja öryggi upplýsinga korthafa og kortaupplýsinga sem miðlað er í tengslum við móttöku korta.
- 6.2. Seljandi skal tryggja öryggi kortaupplýsinga og að við alla meðhöndlun og varðveislu þeirra skal hann gæta þess að geymsla, vinnsla og eyðing gagna uppfylli skilyrði PCI/DSS staðals og annarra öryggisreglna kortafélaganna, óháð því hvort seljandi annast sjálfur þessa þætti eða úthýsir til þriðja aðila. Borgun getur á hverjum tíma kallað eftir staðfestingu þess að framkvæmd hafi verið, af til þess hæfum aðila, skönnun á hlítinu seljanda við staðalinn (QVS) og/eða að seljandi hafi framkvæmt árlegt sjálfmat. Seljandi skal tryggja að búnaður sá sem hann notar til að miðla og/eða geyma korthafaupplýsingar hafi hlotið PA-DSS vottun.
- 6.3. Seljanda er óheimilt að óska eftir eða nota upplýsingar um kortnúmer í neinum öðrum tilgangi en til að gera gildar færslur. Seljandi má aldrei fara fram á það við korthafa að hann útfylli eyðublað eða form, þar sem óskað er upplýsinga um kortnúmer, gildistíma korts, undirritun korthafa eða nokkrar aðrar upplýsingar um kortareikning eða korthafa, þar sem upplýsingar eru sýnilegar þegar slíkt eyðublað eða form væri póstlagt s.s. póstkort. Seljandi má ekki óska eftir því að korthafi veiti skriflega upplýsingar um CAV2/CVC2/CVV2/CID.
- 6.4. Seljandi má ekki undir nokkrum kringumstæðum geyma viðkvæmar kortaupplýsingar þ.m.t. upplýsingar sem

finna má á rafmiðlum korts s.s. segulrönd eða örgjörva CAV2/CVC2/CVV2/CID og PINs/PIN blocks.

- 6.5. Seljandi skal án tafar tilkynna Borgun um öryggisatvik eða grun um öryggisrof eða atvik. Borgun má deila slíkum upplýsingum með kortafélögunum sem og viðeigandi yfirvöldum. Komi upp öryggisatvik þá er Borgun og/eða kortafélögunum heimilt að krefjast þess að PCI SSC rannsóknaraðili framkvæmi óháða rannsókn í þeim tilgangi að finna og meta orsakir, umfang, stærð, tímalengd og áhrif öryggisatviks eða mögulegs öryggisatviks. Seljandi skal veita rannsóknaraðilum þá aðstoð og aðgengi sem nauðsynlegt er vegna rannsóknar. Séu niðurstöður rannsóknar birtar seljanda en ekki Borgun og/eða kortafélögunum skal seljandi miðla niðurstöðum til þeirra. Hafi rannsókn sýnt fram á að seljandi uppfyllti ekki kröfur PCI DSS staðalsins á þeim tíma sem öryggisatvik átti sér stað og að orsakir öryggisatviks megi rekja til þessa, skal seljandi bera allan kostnað af rannsókn sem og afleiddum kostnaði s.s. sektum og/eða afleiddu tjóni.
- 6.6. Aðilar sem annast vinnsluþjónustu fyrir seljanda (þjónustuaðili) s.s. rekstur afgreiðslutækja, færsluvísunar vegna heimildasvörunar, söfnun rafrænna upplýsinga, skráarvinnslur og/eða koma að meðhöndlun korthafa- eða færsluupplýsinga með öðrum hætti, skuli vera skráðir á viðeigandi máta hjá kortafélögunum. Seljandi skal tryggja að vinnsluaðilar hafi staðist úttekt um hlítinu við PCI DSS staðal. Seljandi skal tryggja að samningar hans við vinnsluaðila innihaldi ákvæði sambærilegt við ákvæði 6.5. í skilmálum þessum. Seljanda er óheimilt að nota vinnsluaðila án fyrirfram gefins skriflegs samþykkis Borgunar. Seljandi skal tryggja að upplýsingum um nöfn korthafa eða kortnúmer verði ekki miðlað til

- vinnsluaðila sem ekki uppfylla skilyrði eða hafa ekki verið samþykktir af Borgun.
- 6.7. Seljandi skal halda skrá yfir posatæki sín og uppfæra með reglulegum hætti þ.m.t. lista yfir öll tækin, skráningarnúmer, sölustað og skilgreiningu á rafrænni eða líffræðilegri auðkenningaraðferð hvers tækis.
- 6.8. Seljandi skal eingöngu nota PCI-vottaða samþættingar- og endursöluaðila (QIR) sem eru á lista yfir PCI SSC's QIR fyrirtæki.
- 6.9. Seljanda er óheimilt að upplýsa þriðja aðila um efni eða innihald seljandasamnings.
- 6.10. Seljandi skal ætíð fara að og fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum Borgunar um öryggisráðstafanir, á hvaða formi sem þeim er miðlað, hvort sem fyrirmæli eða ráðstafanir lúta að atriðum tengdum framkvæmd seljandasamnings eða nýtingar annarrar þjónustu Borgunar s.s. notkun þjónustuvefs. Seljandi ber ábyrgð á öryggisrofum sem rekja má til þess að fyrirmælum, tilmælum eða leiðbeiningum var ekki fylgt.
- 7. Geymsla upplýsinga**
- 7.1. Seljandi skal geyma afrit færslukvittana, rafrænar upplýsingar sem og kvittanir vegna endurgreiðslna vegna allra færslna sem sendar hafa verið til Borgunar í fimm (5) ár frá innsendingu.
- 8. Skylda til að veita Borgun upplýsingar og aðgengi**
- 8.1. Seljandi skal án tafar upplýsa Borgun skriflega um:
- (a) Öryggisbrot eða öryggisatvik sbr. ákvæði 6.5;
- (b) tap, stuld, misnotkun eða óheimila notkun afgreiðslubúnaðar eða annara kerfa sem notuð eru við meðhöndlum kortaupplýsinga eða grun um slíka notkun;
- (c) meiriháttar breytingar á starfsemi seljanda;
- (d) breytingar á prókúruhafa seljanda;
- (e) breytingar í hóp þeirra eigenda sem skilgreindir eru sem raunverulegir eigendur og/eða á fyrirkomulagi eignarhalds seljanda; eða
- (f) aðstæður sem eru til þess fallnar að hindra seljanda í að uppfylla skyldur sínar samkvæmt seljandasamningi.
- 8.2. Fari Borgun þess á leit, skal seljandi staðfesta með skriflegum hætti hvort eitthvert af þeim atvikum sem talin eru upp í 8.1 hafi átt sér stað eða ekki.
- 8.3. Borgun getur á hverjum tíma farið fram á að fá afhent afrit af færslukvittunum seljanda og/eða, ef við á, öðrum gögnum eða upplýsingum s.s. greiðslubeiðnum, rafrænum færsluskrá og/eða kvittunum vegna endurgreiðslna. Seljandi skal veita Borgun slíkar upplýsingar innan tuttugu (20) virkra daga frá því beiðni þar um berst honum.
- 8.4. Seljandi skal án tafar afhenda Borgun þau gögn/upplýsingar sem félagið óskar eftir og eðlilegt er að sé miðlað vegna viðskiptanna, s.s. gögn nauðsynleg vegna áreiðanleikakönnunar og/eða gögn/upplýsingar um fjárhagsstöðu seljanda s.s. ársreikninga.
- 8.5. Seljandi skal verða við kröfu Borgunar, kortafélaga og/eða viðeigandi yfirvalda um að veita vottunar- og/eða rannsóknaraðilum aðgang að búnaði og kerfum þeim sem notuð eru við móttöku korta.
- 8.6. Seljandi skal veita Borgun, kortafélögum og/eða viðeigandi yfirvöldum sem hafa lögsögu yfir seljanda, aðgang að starfsstöð/(vum) seljanda svo gera megi úttekt á hlítmi hans við ákvæði seljandasamnings. Slíkur aðgangur skal veittur án nokkurs fyrirvara nema ef lög

kveða á um að slík beiðni sé sett fram með tilteknum fresti.

9. Heimild seljanda til notkunar merkja kortafélaganna og merkja Borgunar

- 9.1. Seljandi samþykkir, nema samið hafi verið um annað við Borgun og samanber ákvæði 9.2, að stilla út með áberandi hætti merkjum kortafélaganna og/eða öðru markaðsefni sem Borgun afhendir honum. Seljanda er heimilt að nota merki og annað markaðsefni sem fengið hefur samþykki Borgunar og er ætlað til kynningar á móttöku korta hjá seljanda. Seljandi skal stilla merkjum sem færsluhirt eru af Borgun upp á jafn áberandi hátt og merkjum annarra korta og greiðslumiðla. Seljanda er óheimilt að nota markaðsefni sem vísar til Borgunar eða kortafélaganna án samþykkis Borgunar.
- 9.2. Seljanda er ekki skylt að stilla út merkjum eða öðru markaðsefni kortafélaganna ef hann er ekki að veita þjónustu til almennings eða ef slík ústilling stríðir gegn ákvæðum gildandi laga.
- 9.3. Borgun ábyrgist að notkun seljanda á merkjum kortafélaganna og/eða Borgunar, í samræmi við ákvæði samnings þessa, sé seljanda heimil og að Borgun sé eigandi merkja Borgunar og hafi heimild kortafélaganna til notkunar merkja þeirra. Borgun ábyrgist skaðleysi seljanda af öllum kröfum sem upp kunna að koma í tengslum við notkun merkja eins og hún er heimiluð samkvæmt seljandasamningi.
- 9.4. Borgun og/eða kortafélögin geta á hverjum tíma krafist þess af seljanda að hann hætti notkun vöru- eða einkennismerkja kortafélaganna, Borgunar eða annars markaðsefnis sem hefur að geyma tilvísun til Borgunar eða einhvers kortafélaganna. Seljandi skal hætta notkun merkja um leið og honum er tilkynnt um kröfu Borgunar og/eða kortafélaganna þar um.

- 9.5. Ekki er kveðið á um neitt það í seljandasamningi sem veitir seljanda tilkall til eignar eða vörumerkjaréttar á hönnun eða hugverkum í eign Borgunar eða kortafélaganna. Réttur seljanda til að nota hönnun eða hugverk í eigu Borgunar eða kortafélaganna takmarkast við það sem heimilað er í kafla 9 í skilmálum þessum.

IV. FÆRSLUR OG INNSENDINGAR

10. Heimildagjöf

- 10.1. Seljandi skal, að því undanskildu þegar ákvæði 10.4 á við, leita heimildar fyrir öllum færslum yfir skilgreindum heimildamörkum. Heimildamörk miðast við hámarksfjárhæð einnar einstakrar færslu sem seljanda er heimilt er að senda inn án þess að hafa áður leitað heimildar útgefanda fyrir úttektinni. Heimildarmörk færslu skuli vera tilgreind í umsókn um seljandasamning. Hafi heimildarmörk ekki verið skilgreind í umsókn um seljandasamning þá teljast mörkin vera núll og seljandi skal leita heimildar vegna allra færslna. Seljandi skal tryggja að réttur MCC kóði fylgi heimildarbeiðni.
- 10.2. Borgun rekur heimildarkerfi sem seljandi getur tengst beint í gegnum gátt Borgunar eða með annarri tengingu sem uppfyllir skilyrði Borgunar. Seljandi getur tengst kerfi að undangenginni úttekt Borgunar á gátt. Seljandi ber ábyrgð á að búnaður sem notaður er til að tengast kerfum Borgunar uppfylli reglur kortafélaganna og ákvæði seljandasamnings.
- 10.3. Þjónustuver Borgunar er opið allan sólarhringinn, þar getur seljandi símleiðis óskað heimildar færslna. Borgun getur samið við þriðju aðila um veitingu heimilda með þessum hætti fyrir hönd félagsins. Þegar heimild er veitt með þessum hætti skal seljandi skrá heimildarnúmer á færslukvittun.

- 10.4. Sé ekki mögulegt að skrá úttekt með rafrænum hætti vegna sambandsleysis er seljanda heimilt í neyðartilvikum að skrá úttekt í afgreiðslutæki án þess að hringt sé inn fyrir heimild. Seljanda er kunnugt um aukin rétt korthafa til að mótmæla færslum sem gerðar eru með þessum hætti og aukna endurkröfuáhættu sem fylgir óheimildarleituðum færslum. Seljandi gerir sér grein fyrir að úttektir sem gerðar eru með þessum hætti eru alfarið á áhættu seljanda sbr. ákvæði 13. greinar.
- 10.5. Þó heimildarbeiðni sé samþykkt felur það ekki í sér staðfestingu á réttmæti færslu. Korthafi getur átt rétt á að endurkrefja seljanda um fjárhæð færslu samkvæmt reglum kortafélaganna óháð staðfestingu korthafa á færslu. Auk þess getur Borgun hafnað færslu sem ólögmætri. Seljandi gerir sér grein fyrir að korthafi getur síðar hafnað færslum sem ekki hafa verið staðfestar af honum með innlætti pinns, undirskrift eða notkun 3D Secure.
- 10.6. Borgun áskilur sér rétt til að takmarka eða stöðva, ef nauðsyn krefur, móttöku korta, færslur eða viðskipti í tilteknum gjaldmiðlum. Dæmi um aðstæður þar sem Borgun myndi nýta þennan rétt sinn eru m.a.:
- (a) ef gjaldeyrishöft eða önnur sambærileg lög eða reglur banna miðlun færslu eða færsluupplýsinga yfir landamæri;
 - (b) hafi Borgun eða seljandi ástæðu til að ætla að korthafi, kort eða kortnúmer hafi eða séu líkleg til að tengjast sviksamlegu athæfi eða gáleysislegri hegðun til komast yfir vöru eða þjónustu; eða sem getur leitt til þess að ekki verði hægt að innheimta úttekt af korthafa;
 - (c) starfsemi umfram viðmiðunarmörk;
 - (d) þegar Borgun er kunnugt um eða grunar að færsla sé ólögmæt;
 - (e) þegar Borgun er það skylt samkvæmt lögum eða reglum kortafélaganna; eða
 - (f) þegar Borgun veit eða grunar að starfsemi seljanda sé ekki í samræmi við ákvæði seljandasamnings og/eða reglur kortafélaganna.
- 11. Færslukvittanir**
- 11.1. Afgreiðslutæki seljanda skal útbúa færslukvittun vegna hverrar færslu. Þetta á einnig við um endurgreiðslur. Afrit færslukvittunar skal afhent korthafa nema hann afþakki eða um sé að ræða svokallaðar QPS eða snertilausar færslur að fjárhæð sem eru jafnhá eða lægri en CVM mörk.
- 11.2. Sérhver færslukvittun skal í það minnsta innihalda eftirfarandi upplýsingar:
- (a) Seljandasamningsnúmer
 - (b) markaðsnafn seljanda og heimilisfang (gata, borg, land);
 - (c) tegund færslukvittunar (greiðsla á sölustað, reiðufjárúttekt, endurgreiðsla);
 - (d) kortnúmer maskað þ.e. einungis eru birtir fjórir (4) síðustu tölustafir númersins. Öðrum tölustöfum er skipt út fyrir önnur tákn sem nota skal til fyllingar s.s. "X", "*" eða "#" ekki skal nota eyður eða tölustafi;
 - (e) fjárhæð færslu (eða endurgreiðslu) í úttektarmynt;
 - (f) dagsetningu færslu (eða endurgreiðslu);
 - (g) heimildarnúmer, á ekki við þegar um er að ræða endurgreiðslu;
 - (h) þegar um er að ræða almenna færslu þar sem kort er til staðar, rafræn skráning upplýsinga um korthafa sem lesin eru af segulrönd eða örgjörva;
 - (i) vegna örgjörvafærslu, merki kortafélagsins og eftir ákvörðun

- Borgunar staðfestingargildi færslunnar (í heild sinni) og tengd gögn.
- (j) Þegar lesinn er segulrönd þarf að gera ráð fyrir undirskriftarlínu og/eða plássi fyrir undirskrift korthafa á því eintaki færslukvittunar sem ætlað er seljanda, nema þegar slík úttekt er staðfest með PIN eða engrar staðfestingar er krafist; og
 - (k) á endurgreiðslukvittunum (á eingöngu við um slíkar kvittanir) þarf að gera ráð fyrir undirskrift seljanda.
- 11.3. Seljandi heimilar Borgun að afhenda færslukvittanir, upplýsingar eða önnur gögn eða upplýsingar um færslur til umboðasaðila sinna, kortafélaganna eða annarra þeirra sem nauðsynlegt og eðlilegt er að afhenda svo Borgun geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt seljandasamningi eða sem aðili að kortafélögunum.
- 12. Innsending færslna**
- 12.1. Seljandi skal senda Borgunar, eða aðila sem Borgun tilgreinir, færslur sem framkvæmdar hafa verið en ekki áður sendar inn í kerfi Borgunar.
- 12.2. Seljandi skal senda Borgun færslur innan þriggja (3) daga frá dagsetningu færslu (degi sem færsla var gerð). Þar af leiðandi skal seljandi senda inn bunka til Borgunar að minnsta kosti á þriggja daga fresti. Seljanda er þó heimilt að senda bunka inn oftár.
- 12.3. Seljandi má ekki senda færslur í kerfi Borgunar fyrr en að minnsta kosti eitt af eftirfarandi hefur átt sér stað:
- (a) samningur um kaup er frágenginn;
 - (b) vara eða þjónusta hefur verið send eða afhent. Framangreint skilyrði á þó ekki við þegar um er að ræða fyrirframgreiðslu eða greiðslu að hluta;
 - (c) Korthafi hefur samþykkt boðgreiðslur.
- 12.4. Seljanda er óheimilt að senda sömu færslu inn í kerfi Borgunar oftár en einu sinni nema þegar 12.8 á við.
- 12.5. Seljanda er óheimilt að senda ólögmetar færslur inn í kerfi Borgunar.
- 12.6. Hver færsla skal búa yfir þeim upplýsingum sem skylt er að komi fram á færslukvittun, auk MCC kóða seljanda og númeri seljendasamnings nema Borgun hafi samþykkt með skriflegum hætti að ekki þurfi að senda inn slíkar upplýsingar.
- 12.7. Hver færsla þarf að vera á formi sem uppfyllir reglur kortafélaganna.
- 12.8. Uppfylli innsending færsluskráar ekki skilyrði kortafélaganna, eða ef færslu fylgja ekki tilskyldar færsluupplýsingar þannig að hægt sé að útbúa fullnægjandi yfirlit fyrir korthafa, eða ef það verður bilun í kerfum seljanda þá skal Borgun tilkynna seljanda um slíka vankanta um leið og félaginu er um þá kunnugt. Seljanda hefur þá sjö (7) daga til að endursenda færslur inn í kerfi Borgunar. Færslum getur verið andmælt af korthafa.
- 13. Endurkröfur og starfsemi umfram viðmiðunarmörk**
- 13.1. Meðhöndlun endurkrafna fer samkvæmt reglum kortafélaganna. Andmælaréttur seljanda er samkvæmt endurkröfureglum viðeigandi kortafélags.
- 13.2. Endurkröfur eru á ábyrgð seljanda sem skal endurgreiða Borgun andvirði allra endurkrafna sem falla á hann.
- 13.3. Sekti kortafélögin Borgun sökum þess að starfsemi seljanda hefur verið umfram viðmiðunarmörk þá skal Borgun krefja seljanda um andvirði slíkra sekta.
- V. UPPGJÖR, GJÖLD OG GREIÐSLA**
- 14. Uppgjör**
- 14.1. Borgun gerir upp við seljanda allar lögmetar færslur sem uppfylla skilyrði seljandasamnings og reglur kortafélaganna.

- 14.2. Á uppgjörstími greiðir Borgun seljanda andvirði allra óuppgjerðra gildra færsla sem gerðar hafa verið á uppgjörstímabilinu. Þetta á þó ekki við ef til staðar er eitthvað það sem heimilar Borgun að halda eftir uppgjöri skv. ákvæði 19. gr.
- 14.3. Borgun greiðir uppgjör inn á þann uppgjörssreikning seljanda sem hann tilgreindi í umsókn um seljandasamning. Óski seljandi eftir því að lagt verði inn á annan reikning þarf hann að senda Borgun undirritað umsóknareyðublað þar sem fram koma upplýsingar um hinn nýja bankareikning. Staðfesting umsóknar um slíka breytingu felur í sér óafturkallanlega heimild Borgunar til að greiða inn á hinn nýja reikning. Borgun getur neitað að verða við beiðni seljanda um breytingu á bankareikningi ef slíkt er til þess fallið að auka áhættu Borgunar.
- 14.4. Borgun er heimilt að móttaka greiðslur frá kortafélögum vegna úttekta sem gerðar hafa verið hjá seljanda. Seljanda er ljóst að hann á aldrei kröfu á kortafélagin beint vegna færslna sem sendar hafa verið inn í kerfi Borgunar.
- 14.5. Seljandi hefur ekki rétt á að fá greidda uppgjörsfjárhæð, þ.e. andvirði gildra færslna, inn á uppgjörssreikning fyrir en á þeim degi sem þær koma til uppgjörssamkvæmt seljandasamningi við Borgun. Seljandi á ekki rétt á vaxtagreiðslum af færslum vegna tímabilsins frá innsendingu til uppgjörss og með sama hætti á seljandi ekki rétt á vöxtum af sjóðum sem haldið er eftir í tengslum við viðskiptin.
- 14.6. Borgun útbýr uppgjörsyfirlit sem aðgengilegt er seljanda vegna hvers uppgjörss. Uppgjörsyfirlit tilgreinir fjárhæð sem kemur til greiðslu sem og fjárhæð þóknunar, gjalda og annars sem draga má frá uppgjöri svo sem leiðréttar færslur og fleira.
- 14.7. Samþykki og/eða uppgjör færslna og/eða tilgreining þeirra í uppgjörsskjölum eða öðrum tilkynningum Borgunar til seljanda skal ekki á nokkurn hátt teljast staðfesting þess að Borgun telji færslur gildar. Borgun áskilur sér rétt til að hafna færslu á síðari stigum gerist eitthvað sem bendir til eða berist félaginu upplýsingar um að færslur hafi verið ólögmetar.
- 15. Ólögmetar færslur**
- 15.1. Til þess að skera úr um allan vafa þá ber Borgun engin skylda til að greiða seljanda andvirði ólögmetrar færslu og seljandi hefur engan rétt til að krefja Borgun um greiðslu andvirðis slíkrar færslu.
- 15.2. Hafi Borgun greitt seljanda andvirði færslu sem síðar kemur í ljós að hafi verið ólögmet eða fyrir því er rökstuddur grunur er Borgun heimilt að endurkrefja seljanda um andvirði færslunnar auk þess sem Borgun er án nokkurra takmarkana heimilt að skuldajafna andvirði hennar frá heildarfjárhæð uppgjörss/(a) seljanda.
- 15.3. Þrátt fyrir það sem fram kemur hér að ofan þá skal seljandi greiða Borgun öll gjöld, þóknunir og kostnað af ólögmetri færslu eins og þau eru tilgreind í seljandasamningi.
- 15.4. Til þess að skera úr um allan vafa þá eiga greinar 14.1-14.3 við óháð því hvort Borgun er skylt eða mögulegt að endurgreiða kortafélögum, kortaútgefanda eða korthafa hina ólögmetu færslu.
- 16. Lágmarksfjárhæð uppgjörss**
- 16.1. Borgun áskilur sér rétt til að skilgreina lágmarksfjárhæð uppgjörss. Sé uppgjör að fjárhæð jafnt eða lægra en skilgreind lágmarksfjárhæð þá frestast greiðsla þess til næsta uppgjörss
- 16.2. Ef andvirði uppgjörss gildra færslna sem komið er á gjalddaga á uppgjörstími er lægra en lágmarksfjárhæð uppgjörssins, verður uppgjöri þeirra færslna seinkað til næsta áætlaða uppgjörssdags þar sem

uppgjörsfjárhæð gildra færslna er jafnt eða er hærra en lágmarksfjárhæð uppgjors.

17. Þjónustubóknanir og önnur gjöld

- 17.1. Seljandi skal greiða Borgun gjöld. Millikortagjöld, gjöld kortafélaganna og þjónustubóknanun sem rukkuð er vegna hvernar færslu skulu gjaldfærð við innsendingu færslunnar. Færslugjöldin verða gjaldfærð þegar heimild vegna færslunnar er sótt. SWIFT Uppgjörsgjöld verða gjaldfærð á uppgjörssdegi. Endurkröfugjöld verða gjaldfærð á þeim tíma sem endurkröfumálið hefst. Aðrar þjónustubóknanir skulu gjaldfærðar á þeim tíma sem Borgun veitir þjónustuna eða þegar Borgun á rétt greiðslu í samræmi við seljendasamning.
- 17.2. Seljandi skal að kröfu Borgunar greiða aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í seljendasamning aðila eða vegna brota á samningi aðila, þ.m.t. endurgreiðslur, endurkröfur, endurgreiðslur vegna kostnaðar við myntbreytingu, bætur vegna sekta eða annars tjóns.
- 17.3. Seljandi skal vera fyllilega ábyrgur fyrir öllum kostnaði í tengslum við efndir og framkvæmd á skyldum sínum samkvæmt seljendasamningi, þ.m.t. kostnaði vegna þjónustu þjónustuaðila til seljanda. Hafi Borgun greitt kostnað vegna þjónustu þjónustuaðila fyrir seljanda, ber seljanda að endurgreiða Borgun þann kostnað.
- 17.4. Borgun mun að jafnaði draga öll gjöld og aðrar fjárhæðir frá uppgjöri seljanda í samræmi við ákvæði 18. Borgun áskilur sér þó rétt til þess að seljandi greiði beint til Borgunar öll gjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi skuldar Borgun. Seljandinn hefur ekki rétt til að skuldajafna eða halda eftir gjöldum eða öðrum fjárhæðum á móti uppgjöri eða öðrum fjárhæðum. Borgun áskilur sér rétt til að innheimta öll gjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi skuldar Borgun með skuldfærslu af reikningi seljanda. Til að

taka af allan vafa, skulu kröfur Borgunar gegn seljanda, gjalda og annarra fjárhæða ekki vera takmarkaðar við fjárhæðir sem eru endurkræfar frá uppgjöri, veltutrygginga eða öðru sbr. 18. gr., og seljandi skal vera ábyrgur fyrir greiðslu allra annarra fjárhæða í tengslum við seljendasamning aðila.

18. Frádráttur, leiðréttingar og áhættustýringar

- 18.1. Borgun er heimilt að draga frá eða leggja á, ef um leiðréttingar er að ræða sem eru til hagsbóta fyrir seljanda, andvirði færsla á gildum færslum til uppgjors að því marki sem þær hafa ekki verið áður greiddar af seljanda til Borgunar, eða, ef um er að ræða leiðréttingar sem eru til hagsbóta til seljanda frá Borgun til seljanda;
- (a) öll gjöld;
 - (b) fjárhæðir vegna endurkrafna;
 - (c) allar endurgreiðslur;
 - (d) öll önnur gjöld eða frádrættir sem Borgun er heimilt að gera samkvæmt seljandasamningi aðila;
 - (e) allar aðrar fjárhæðir sem seljandi skuldar Borgun samkvæmt seljendasamningi eða vegna brota á samningi aðila, þ.m.t. vegna raunverulegra eða grunsamlegra ólögðmætra færslna, kostnaður vegna myntbreytinga, endurgreiðsla vegna kostnaðar þjónustuaðila og/eða endurgreiðslu vegna sekta og annars tjóns;
 - (f) skattar og opinber gjöld, þ.m.t. virðisaukaskattur sem lagður er á þær fjárhæðir sem Borgun greiðir til seljanda samkvæmt seljendasamningi, sem Borgun síðan rukkar seljanda um og greiðir til viðeigandi yfirvalda; og
 - (g) leiðréttingar vegna rangra uppgjöra
- 18.2. Allir frádrættir eða leiðréttingar sem gerðar eru samkvæmt þessu ákvæði skulu skráðar

af Borgun. Allar fjárhæðir sem dregnar eru frá, eða lagðar á andvirði færslunnar samkvæmt ákvæði 18. gr., skulu taldar greiddar á þeim degi sem frádátturinn eða leiðréttingin á sér stað.

18.3. Með fyrirvara vegna ákvæðis 18.1 og að því marki sem lög leyfa er Borgun heimilt með skriflegri tilkynningu til seljanda að skuldajafna á móti skuld seljanda við Borgun vegna eða í tengslum við seljandasamning aðila eða annarra samninga.

18.4. Borgun áskilur sér rétt, bæði í upphafi samningssambands og sem hluta af áframhaldandi áhættumati og áhættustýringu að krefjast þess að seljandi útvegi tryggingu fyrir viðskiptunum sem Borgun telur viðeigandi. Fari Borgun fram á frekari tryggingar eftir að seljandasamningur hefur verið gerður, verður breytingin talin sem viðauki við seljandasamning aðila samkvæmt kafla IX um Viðauka., Ef seljandi segir ekki seljandasamningi aðila upp, samkvæmt ákvæði 30. gr., eftir að Borgun hefur farið fram á frekari tryggingu, telst seljandi hafa samþykkt viðaukann.

19. Réttur Borgunar til að halda eftir uppgjöri

19.1. Borgun hefur rétt á að halda eftir ógreiddum og/eða væntanlegu uppgjöri og/eða uppgjöri úr veltutryggingu til seljanda ef eitthvert af eftirfarandi atvikum eiga við:

(a) ef Borgun grunar að um óheimilar færslur sé að ræða, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til Borgun hefur gengið úr skugga um að um gildar færslur er að ræða.

(b) ef Borgun eða annar aðili sem hefur umboð til þess hefur óskað eftir upplýsingum frá seljandanum í framhaldi af seljandasamningi, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til viðunandi upplýsingar hafa verið veittar að mati Borgunar.

(c) ef seljandi brýtur gegn seljandasamningi aðila og/eða reglum kortafélaganna, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til brotið hefur verið bætt og seljandinn hefur uppfyllt allar skuldbindingar sínar í tengslum við brotið.

(d) ef grunur er um svik hjá seljanda eða væntanlegt brot á seljandasamningi aðila og/eða reglum kortafélaganna, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til rannsókn á málinu hefur verið lokið af hálfu Borgunar og Borgun hefur gengið úr skugga um að ekki er um svik né brot að ræða á seljandasamningi aðila og/eða reglum kortafélaganna.

(e) ef endurkröfur, endurgreiðslur og/eða aðrar aðgerðir seljanda leiða til endurgreiðsluáhattu fyrir Borgun, sem ákvörðuð er af Borgun, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til rannsókn á málinu er lokið af hálfu Borgunar og Borgun hefur gengið úr skugga um að félagið sé ekki í endurgreiðsluáhattu.

(f) þegar það er mat Borgunar að þær fjárhæðir í uppgjöri seljanda í tengslum við færslur muni ekki á næstum vikum tryggja skuldbindingar seljanda á því tímabili, þ.m.t. en ekki takmarkað við þau gjöld, ásamt endurkröfum og endurgreiðslum, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til Borgun hefur gengið úr skugga um að þær fjárhæðir sem berast inn í tengslum við færslur seljanda á komandi vikum nái yfir skuldbindingar seljanda á því tímabili.

(g) ef seljandi á við fjárhagslega erfiðleika að stríða sem leitt geta til tjóns, að mati Borgunar, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til fjárhagserfiðleikar seljanda hafa verið leystir.

- (h) þar sem þess er krafist af kortafélögunum, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri svo lengi sem þess er krafist af kortafélögunum; eða
 - (i) þar sem Borgun er, eða er að mati Borgunar, ekki heimilt samkvæmt lögum að greiða til seljanda, er Borgun heimilt að halda eftir uppgjöri þar til Borgun telur heimilt að greiða.
- 19.2. Að því marki sem lög leyfa, skal Borgun tilkynna seljanda um þær greiðslur sem haldið er eftir og ástæðu þess að greiðslunni er haldið eftir. Borgun áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við ástæðu til að halda eftir greiðslunni komi fram nýjar upplýsingar sem gefa til kynna að Borgun sé heimilt að halda eftir uppgjöri í samræmi við ákvæði 19.1.
- 19.3. Þegar þær aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi sem leyfa Borgun að halda eftir greiðslu, ber Borgun að greiða uppgjör á næsta uppgjörstæði, að því tilskildu að engar aðstæður séu þá fyrir hendi að Borgun haldi eftir greiðslunni.

VI. PERSÓNUVERND

20. Persónuvernd

- 20.1. Vinnslusamingur tilgreinir þær kröfur og skilyrði seljanda við vinnslu persónuupplýsinga sem seljandi safnar um korthafa og/eða færslur sem og réttindi og skyldur Borgunar og seljanda. Auk þess sem ákvæði vinnslusamnings og seljandasamnings segja fyrir um meðhöndlun persónuupplýsinga, ber seljanda að fara eftir gildandi lögum og reglum um persónuvernd, þar á meðal persónuupplýsingar um korthafa eða færsluupplýsingar.
- 20.2. Borgun er eitt eigandi allra gagna og upplýsinga sem eru í færslukerfi félagsins og/eða eiga uppruna sinn í segulrönd/örgjörva korta. Hagnýting áður nefndra gagna takmarkast þó við notkun sem beint eða óbeint er í þágu

seljandasamnings aðila og eingöngu í þeim tilgangi sem tilgreindur er í persónuverndarstefnu Borgunar.

- 20.3. Borgun má ekki undir neinum kringumstæðum veita seljanda neins konar upplýsingar um korthafa.
- 20.4. Að því marki sem lög leyfa, er Borgun heimilt að framkvæma kannanir og eftirlit á seljanda og á starfsstöð seljanda, úr fjarlægð eða í eigin persónu, til að hafa eftirlit með því hvort seljandi hlíti skilmálum samnings aðila.
- 20.5. Undir sérstökum kringumstæðum, þ.m.t. ef Borgun segir upp samningi aðila, getur Borgun að kröfu kortafélaganna verið skyld að veita þeim upplýsingar um seljanda. Ennfremur, er Borgun heimilt að upplýsa kortafélögin og önnur yfirvöld um einstakar færslur og/eða heildarveltu seljanda, hvort sem um er að ræða sérstök kort eða á öðrum grundvelli. Seljandi samþykkir slíkar tilkynningar af hálfu Borgunar og undir engum kringumstæðum skal seljandi eiga kröfu gegn Borgun í tengslum við slíkar tilkynningar.

VII. ÁBYRGÐ

21. Skaðleysisábyrgð seljanda

- 21.1. Seljandi samþykkir að tryggja skaðleysi Borgunar og halda Borgun skaðlausu frá öllu tjóni, kröfum, aðgerðum, skaða, ábyrgðum, sektum, refsingum eða kostnaði (þ.m.t. lögræðikostnaði), sem Borgun verður fyrir vegna eða í tengslum við aðgerðir sem gerðar eru af vanrækslu, ásetningi, óréttmæti eða á ólögum hátt af seljanda, umboðsaðilum hans eða fulltrúum (eða starfsmönnum allra framantaldra) í tengslum við seljandasamning eða því sem leiðir af broti á samingi aðila, þ.m.t. sektir eða brot gegn reglum kortafélaganna eða öðrum reglum. Skaðleysisábyrgð þessi er til viðbótar við og takmarkast ekki af almennum lögbundnum réttindum sem Borgun kann að hafa vegna samningsbrota seljanda, þar með

talið en takmarkast ekki við réttinn til skaðabóta.

- 21.2. Seljandi samþykkir að Borgun hafi rétt á, að eigin ákvörðun, að samþykkja, véfengja, gera samkomulag um eða á annan hátt fara með kröfumál, meintar kröfur, tap eða ábyrgðir sem gerðar eru gegn seljanda og er Borgun ekki ábyrgt fyrir þeim ákvörðunum gagnvart seljanda.

22. Takmarkanir á ábyrgð Borgunar.

- 22.1. Í samræmi við ákvæði 22.3. skal Borgun undir engum kringumstæðum vera ábyrgt fyrir:

- (a) veltu- eða hagnaðarmissi;
- (b) rekstrartjóni;
- (c) missi samninga eða samkomulags;
- (d) tapi á áætluðum sparnaði;
- (e) eða skerðingu á viðskiptavild eða
- (f) óbeinu eða afleiddu tjóni.

- 22.2. Í samræmi við ákvæði 22.3 og að undanskildum skyldum Borgunar til að greiða uppgjörsfjárhæð vegna gildra færslna á réttum tíma, skal ábyrgð Borgunar á öllu tapi, kröfum eða tjóni sem stafar af eða frá brotum á seljandasamningi aðila, takmarkast við þá fjárhæð gjalda sem Borgun fær frá seljanda á tólf (12) mánaða tímabili fyrir brotið.

- 22.3. Ekkert í ákvæðum 22.1 eða 22.2 skal takmarka ábyrgð sem óheimilt er að takmarka samkvæmt lögum.

VIII. GILDISTÍMI OG LOK SAMNINGS

23. Gildistími seljandasamnings

- 23.1. Nema annað sé tekið fram í umsókn seljanda, skal seljandasamningur gilda þar til honum er sagt upp af hálfu Borgunar eða seljanda í samræmi við skilmála þessa, eða þar til gerður er nýr seljandasamningur á milli Borgunar og seljanda eða til þess tíma

er seljandasamningurinn er sannanlega ógildur.

24. Uppsögn seljanda

- 24.1. Seljanda er heimilt hvenær sem er að segja upp samningi aðila án ástæðu með eins (1) mánaðar skriflegum fyrirvara til Borgunar.

- 24.2. Til viðbótar við rétt seljanda að segja upp seljandasamningi skriflega án fyrirvara samkvæmt ákvæðum 50.4 og 30, er seljanda heimilt að segja upp samningi aðila án fyrirvara með skriflegri tilkynningu til Borgunar ef eitt eða fleira af neðangreindu á við:

- (a) ef Borgun greiðir seljanda ekki á gjalddaga kröfur samkvæmt seljandasamningi og slíkt brot hefur ekki verið lagfært innan fjórtán (14) daga eftir að seljandi hefur tilkynnt það til Borgunar;
- (b) Ef Borgun brýtur stórvægilega gegn skilmálum seljendasamnings og leiðréttir ekki brot innan (14) daga frá því seljandi skoraði á Borgun að gera úrbætur eða innan þrjátíu (30) daga ef brot telst ekki vera alvarlegt.
- (c) Borgun neitar að verða við skyldum samkvæmt seljandasamningi; eða
- (d) ef eitthvað af eftirfarandi á sér stað í tengslum við Borgun, þó með þeim fyrirvara að seljandi á ekki rétt á uppsögn í þeim tilvikum þar sem slíkt fer í bága við lög:
 - (i) Borgun hættir að veita viðskipti;
 - (ii) ef ákvörðun er tekin um að slíta félaginu Borgun hf.;
 - (iii) Borgun gerir eða leitar eftir því að gerðir séu nauðasamningar eða samkomulag við kröfuhafa Borgunar;
 - (iv) Borgun er ófært um að greiða eða semja um skuldir sínar eða lendir í greiðslustöðvun vegna ógreiddra skulda,

(v) skipaður er bústjóri eða skiptastjóri yfir félaginu eða eignum þess, eða

(vi) í aðstæðum sem sambærilegar eru framangreindum aðstæðum og eiga sér stað í tengslum við Borgun burtséð frá því hvaða lögsaga á við.

25. Uppsögn af hálfu Borgunar

25.1. Borgun er heimilt hvenær sem er á samningstímanum að segja upp seljandasamningi aðila með tveggja (2) mánaða skriflegum fyrirvara til seljanda án þess að tilgreina ástæðu.

25.2. Borgun er heimilt að segja upp seljandasamningi aðila þegar í stað með skriflegum hætti ef eitt eða fleiri eftirfarandi atvika koma upp:

- (a) Borgun er það skylt samkvæmt lögum, fyrirmælum eða reglum kortafélaganna eða samkvæmt kröfu annarra þar til bærra aðila;
- (b) ef það væri ólöglegt fyrir Borgun að halda áfram að veita þjónustu til seljandans;
- (c) seljandi hefur, eða Borgun telur að seljandinn hafi, í umsókn, í umsóknarferli eða síðar í samningssambandinu, veitt Borgun ónákvæmar, ófullnægjandi eða misvísandi upplýsingar;
- (d) seljandinn hefur, eða Borgun telur að seljandinn hafi brotið reglur kortafélaganna og/eða önnur viðeigandi lög eða reglur;
- (e) seljandinn hefur, eða Borgun telur að seljandinn hafi sent inn ólögsmætar færslur til Borgunar;
- (f) ef um verulega efnislega breytingu er að ræða á starfsemi seljandans;

(g) ef seljandinn selur allar eða hluta af eignum sínum;

(h) ef seljandinn sameinast öðrum aðila (samruni) og/eða ef um breytingu á eignarhaldi er að ræða;

(i) ef seljandi, með aðgerð eða aðgerðarleysi, gerir eitthvað sem Borgun telur að skaði merki, ímynd, orðspor eða viðskiptavild Borgunar eða á annan hátt veldur skaða eða tapi á viðskiptavild Borgunar eða kortafélaganna;

(j) önnur atvik, eitt eða fleiri, tengd eða ótengd (þ.m.t., og án takmarkana, óreglulegar færslur á kort, starfsemi umfram viðmiðunarmarkna, vísbendingar um sviksamlegar eða ólögsmætar færslur, breytingar á eignarhaldi eða fjárhagsstöðu seljanda) sem að mati Borgunar með hliðsjón af áhættustefnu hennar, geta eða eru líkleg til þess að hafa áhrif á getu seljandans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt seljandasamningi;

(k) seljandi stendur ekki í skilum á greiðslum sem komnar eru á gjalddaga í tengslum við seljandasamning, og slíkt brot hefur ekki verið lagfært af seljanda innan fjórtán (14) daga eftir tilkynningu Borgunar til seljanda;

(l) seljandi brýtur gegn skilmálum seljandasamnings og hefur ekki bætt úr því innan fjórtán (14) daga frá því áskorun berst þar um eða þrjátíu (30) daga í tilviki minniháttar brota;

(m) ef seljandi hafnar skilmálum seljandasamnings; eða

(n) eitthvað af eftirfarandi á sér stað í tengslum við seljandann þó með þeim fyrirvara að ekki skapast uppsagnarréttur ef slíkt fer í bága við lög:

- (i) seljandinn hættir viðskiptum sínum,
- (ii) liggja fyrir ákvörðun eða samþykki um að slíkta félagi seljanda,
- (iii) seljandi hefur gert eða leitað eftir nauðasamningum eða samkomulagi við kröfuhafa sína,
- (iv) seljandi getur ekki greitt skuldir sínar eða stendur frammi fyrir greiðslustöðvun vegna skulda sinna,
- (v) skipaður er bústjóri eða skiptastjóri yfir félaginu eða eignum þess, eða
- (vi) í þeim tilfellum sambærilegum þeim sem talin eru upp hér að framan og eiga sér stað í tengslum við seljanda óháð því í hvaða lögsögu þau gerast.

26. Uppsögn að hluta og lokun á númeri seljandasamnings

- 26.1. Borgun og seljanda er heimilt að segja upp samningi að því marki sem hann lýtur að einu eða fleiri kortafélaganna. Tilkynning um uppsögn að hluta samkvæmt ákvæði 26 skal gerð í samræmi við ákvæði 24 og 25 (eftir því sem við á).
- 26.2. Þegar seljandasamningur tengist fleiri en einu númeri seljandasamnings, er Borgun heimilt að tilkynna með tveggja (2) mánaða skriflegum fyrirvara til seljandans hafi seljendasamningsnúmer verið óvirkt í þrjá (3) mánuði, að tilteknu númer(i)/(um) seljandasamnings verði lokað. Seljanda er heimilt að óska eftir enduropnun ef ekki eru liðnir fleiri en sex (6) mánuðir frá því að númer seljandasamnings var notað. Berist ekki beiðni til Borgunar um að enduropna númer seljandasamnings innan þessara sex (6) mánaða mun númeri seljandasamnings verða lokað.

27. Afleiðingar uppsagnar

- 27.1. Við uppsögn seljandasamnings skal seljandi tafarlaust hætta að senda inn færslur til Borgunar og hætta notkun á öllum merkjum kortafélaganna og merkjum í eigu Borgunar,

að undanskildu því sem fram kemur í ákvæði 27, auk þess falla skyldur Borgunar skv. seljandasamningi niður.

- 27.2. Á uppsagnarfresti mun uppsögn sem tilkynnt hefur verið um, en hefur ekki tekið gildi, ekki hafa áhrif á ábyrgðir sem stofnast til eða verða til vegna eða í tengslum við atburði sem eiga sér stað á meðan eða áður en uppsögn tekur gildi. Með fyrirvara um réttindi Borgunar til að halda eftir uppgjöri eða önnur réttindi Borgunar samkvæmt seljendasamningi þá skal Borgun að öllu jöfnu greiða seljanda allar gildar færslur sem sendar eru inn fyrir gildistöku uppsagnar á næsta uppgjörstegi eftir uppsögn.

- 27.3. Þrátt fyrir uppsögn á seljandasamningi halda ákvæði 6, 7, 13-19, 21, 22, 37 og 38 skilmála gildi sínu að fullu sem og önnur ákvæði seljendasamnings sem eðli máls samkvæmt ættu samkvæmt túlkun að halda gildi sínu að fullu.

IX. BREYTINGAR

28. Réttur Borgunar til að breyta seljandasamningi

- 28.1. Borgun getur hvenær sem er gert breytingar á seljandasamningi, þar með talið á þjónustugjöldum, gjaldskrá, sem og skilmálum þessum.
- 28.2. Í samræmi við ákvæði 29. gr. munu breytingar á seljandasamningi taka gildi frá og með þeirri dagsetningu sem Borgun tilgreinir og munu breytingarnar þá gilda um samningssamband Borgunar og seljanda frá og með þeim degi. Ef seljandi segir ekki upp seljandasamningi í samræmi við ákvæði 30. gr., telst seljandi hafa samþykkt breytingarnar.
- 28.3. Borgun er heimilt að breyta hámarksfjárhæð færslu án heimildar (e. Merchant Floor Limit) hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er, og er Borgun jafnframt heimilt að skilgreina sérstaklega hámarksfjárhæð færslu án heimildar fyrir merki hvers kortafélags.

29. Tilkynning um breytingar

- 29.1. Í samræmi við ákvæði 29.2-29.4, mun Borgun tilkynna seljanda með að lágmarki tveggja (2) mánaða fyrirvara um breytingar á seljandasamningi. Borgun mun upplýsa seljanda um breytingarnar og/eða senda seljanda uppfærðan hluta samningsins.
- 29.2. Að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum, getur Borgun í því sjónarmiði að uppfylla lagaskyldur, reglur kortafélaganna, önnur regluverk eða kröfu stjórnvalda, tilkynnt um breytingar á ákvæðum seljandasamnings með styttri fyrirvara en tilgreint er í ákvæði 29.1. Borgun skal tilkynna seljanda um slíkar breytingarnar svo fljótt sem auðið er.
- 29.3. Borgun er heimilt að breyta vöxtum og gengi gjaldmiðla á hvaða tímapunkti sem er án fyrirvara, þegar slíkar breytingar byggjast á breytingum á tilgreindu viðmiðunargengi eða gengi gjaldmiðla.
- 29.4. Borgun er heimilt að breyta hámarksfjárhæð færslu án heimildar (e. Merchant Floor Limit) án þess að tilkynna fyrirfram um slíkar breytingar til seljanda.

30. Réttur seljanda til að segja upp samningi

- 30.1. Ef seljandi samþykkir ekki breytingar á seljandasamningi, getur seljandi sagt seljandasamningi upp skriflega og tekur uppsögnin þá gildi samstundis og án kostnaðar.
- 30.2. Uppsögn af hálfu seljanda í samræmi við ákvæði 30.1 skal senda Borgun í síðasta lagi daginn fyrir dagsetninguna sem breytingarnar eiga að taka gildi, að því gefnu að Borgun hafi veitt seljanda tveggja (2) mánaða fyrirvara í samræmi við ákvæði 29.2 er seljanda heimilt að senda Borgun uppsagnarbréf í samræmi við ákvæði 30.1 innan tveggja (2) mánaða frá því að Borgun tilkynnti seljanda um breytingarnar.

X. ÝMIS ÁKVÆÐI

31. Force Majeure

- 31.1. Borgun undanskilur sig ábyrgð vegna taps, skemmda eða útgjalda sem má beint eða óbeint rekja til bilunar eða tafa við að framkvæma þjónustu sína samkvæmt seljandasamningi, ef tjón má rekja til utanaðkomandi aðstæðna (e. Force Majeure Event), og ef Borgun hefur ekki misfarist að grípa til aðgerða til að takmarka tjónið. Slíkar utanaðkomandi aðstæður eru meðal annars en takmarkast ekki við: stríð, heraðgerðir, hryðjuverk, uppþot, borgarastyrjaldir, skemmdarverk, slyss, eyðileggingu eða skemmdir á rafrænum búnaði, fjarskiptum eða öðrum búnaði, eldsvoða, flóða, náttúruhamfara, verkfalla, verkbanna eða annarra vinnudeilna (hvort sem um starfsmenn Borgunar er að ræða eður ei), lagaboða eða stjórnvaldsaðgerða.

- 31.2. Ef til atburða vegna utanaðkomandi aðstæðna kemur (e. Force Majeure Event) getur Borgun ákveðið að stöðva viðskipti samkvæmt seljandasamningi. Í slíkum tilfellum og eftir því sem kostur er mun Borgun hafa samband við seljanda (eða seljandi hefur samband við Borgun eftir því sem hentugast er fyrir aðila hverju sinni) og gera tilraun til að komast að viðunandi niðurstöðu í málinu. Borgun skal grípa til þeirra aðgerða sem skynsamlegar geta talist í viðkomandi aðstæðum til að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt seljandasamningi.

32. Heildarsamningur

- 32.1. Seljandasamningurinn telst heildarsamningur milli seljanda og Borgunar og skulu eldri samningar um sama efni samstundis falla úr gildi þegar seljandasamningur þessi tekur gildi. Að því undanskildu að aðilar halda öllum áunnum réttindum og skyldum samkvæmt fyrri samningum.

32.2. Til að taka af allan vafa, í þeim tilvikum þar sem núverandi seljandi gerir nýjan seljandasamning eingöngu vegna starfsstöðvar seljanda eða þar sem vörubirgðir eða þjónusta fellur ekki undir núverandi seljandasamning, þá skulu slíkir nýir samningar vera til viðbótar núverandi samningi nema annað sé um samið af Borgun og viðkomandi seljanda.

33. Útvistun og notkun undirvinnsluaðila og umboðsaðila

33.1. Seljanda er ekki heimilt að framselja eða flytja að hluta eða fullu réttindi sín eða skyldur samkvæmt seljandasamningi án þess að hafa áður fengið til þess skriflegt samþykki Borgunar.

33.2. Borgun er heimilt að framselja og flytja réttindi sín samkvæmt seljandasamningi án leyfis frá seljanda.

33.3. Borgun áskilur sér einnig rétt til að uppfylla skyldur sínar og verkefni samkvæmt seljandasamningi með því að nýta sér þjónustu umboðsaðila eða undirverktaka. Allir slíkir umboðsaðilar eða undirverktakar sem Borgun nýtir skulu ávallt vinna undir merkjum Borgunar og Borgun skal vera ábyrgt vegna verka þeirra gagnvart seljanda í samræmi við ákvæði seljandasamnings.

33.4. Borgun er heimilt, án takmarkana, að nota umboðsaðila til að veita ákveðna þjónustu til seljanda. Í þeim tilvikum sem Borgun notar umboðsaðila, eru upplýsingar um umboðsaðila tilgreindar í umsókn um seljandasamning eða með öðrum hætti tilkynntir af hálfu Borgunar til seljanda. Til að taka af allan vafa, teljast umboðsaðilar vera þjónustuveitendur fyrir Borgun en ekki fyrir seljanda. Samningssamband seljanda er við Borgun en ekki umboðsaðilann, hvort heldur sem umboðsaðilinn hefur meðundirritað umsóknina um seljandasamninginn eður ei.

34. Ógilding

34.1. Ef einhver ákvæði samningsins eru dæmd ógild, ólögleg eða ófullnægjandi skal slíkt ekki hafa áhrif á réttleika, lagagildi eða því að fara megi að öðrum ákvæðum samningsins. Seljandasamninginn skal þá túlka þannig að umrædd ákvæði hafi aldrei verið hluti hans og þeim ákvæðum þá skipt út fyrir orðalag sem samkomulag er um og er í sem mestu samræmi við upphaflegan tilgang ákvæðisins.

35. Engar undanþágur eða breytingar

35.1. Undanþága sem Borgun veitir vegna brots á seljandasamningi skal ekki gilda um síðari eða ítrekuð brot. Hvorki mistök né tafir af hálfu Borgunar í að nýta slíkan rétt skulu hafa áhrif á réttindi Borgunar samkvæmt seljandasamningi og þá sérstaklega ekki að hafa áhrif á þann rétt Borgunar til að nýta sér rétt sinn til að rifta seljandasamningi, hvenær sem er án takmarkana, óháð því hvort að aðstæður þær sem gáfu tilefni til slíkrar beitingar eru enn til staðar eður ei.

36. Tilkynningar

36.1. Borgun er heimilt að senda seljanda tilkynningar með eftirfarandi hætti:

(a) með pósti eða með því að afhenda í eigin persónu eða boðsenda tilkynningu á skráð heimilisfang skrifstofu seljanda eða heimilisfang starfsstöðvar samkvæmt upplýsingum í umsókn um seljendasamning eða á annað heimilisfang sem tilgreint er í umsókn fyrir tilkynningar. Tilkynning skal taka gildi frá og með afhendingu eða ef um póstsendingu er að ræða tveim virkum dögum eftir póstlagningu sendingar innanlands eða virkum dögum frá póstlagningu millilandasendingar.

(b) með tölvupósti á það netfang sem seljandi skráði í umsókn um seljendasamning eða það netfang sem seljandi hefur á hverjum tíma. Tilkynning telst hafa verið birt seljanda

hafi hún verið send með ofangreindum hætti;

- (c) þegar Borgun gerir seljanda tilkynninguna aðgengilega á þjónustuvef; eða
 - (d) þegar tilkynning berst gegnum umboðsaðila. Þetta á þó einungis við þegar Borgun veitir þjónustu til seljanda gegnum umboðsaðila. Þegar Borgun nýtir þjónustu umboðsaðila getur félagið hvort sem er sent tilkynningar beint eða í gegnum umboðsaðilann.
- 36.2. Seljandi getur sent Borgun tilkynningar með eftirfarandi hætti:
- (a) með pósti, eða með því að afhenda í eigin persónu eða boðsenda á heimilisfang sem skráð er í umsókn um seljendasamning. Ef ekkert heimilisfang er þar skráð fyrir tilkynningar þá skal senda til Borgunar hf., Ármúli 30, 108 Reykjavík, Iceland, b/t. Forstöðumanns Færsluhirðingar. Tilkynning skal taka gildi frá móttöku eða í tilfalli innlendrar póstsendingar tveim virkum dögum eftir að hún var póstlögð og fimm virkum dögum frá póstlagningu millilandasendingar; eða
 - (b) með tölvupósti á það netfang sem tilgreint er á umsókn um seljendasamning, eða ef ekkert netfang er þar tilgreint þá á netfangið borgun@borgun.is. Í þeim tilfellum skal tilkynningin teljast móttækin þegar Borgun hefur móttækið tölvupóstinn.
- 36.3. Allar tilkynningar skulu gerðar á því tungumáli sem tilgreint er í umsókn um seljendasamning eða á ensku. Ef ekkert tungumál er tilgreint vegna tilkynninga í umsókn um seljendasamning þá skulu tilkynningar vera á íslensku eða ensku, þ.e. ef starfsstöð seljanda er á Íslandi, og ensku fyrir aðra seljendur.

XI. LÖG OG VARNARÞING

37. Lög sem gildi um samninginn

Um skilmála þessa gilda íslensk lög. Ágreiningsmál vegna þeirra má rekja fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

38. Úrlausn ágreiningsmála

38.1. Ef seljandi er ósáttur við þjónustu Borgunar er seljanda heimilt að senda kvörtun til Borgunar. Stefna Borgunar um meðhöndlun kvartana sem og frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Borgunar.

38.2. Seljandi getur jafnframt skotið ágreiningsmálum til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nánari upplýsingar um úrskurðarnefndina má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Úrskurður nefndarinnar kemur ekki í veg fyrir síðari umfjöllun dómstóla um málefnið.

XII. SÉRSTAKIR SKILMÁLAR FYRIR FÆRSLUR ÞAR SEM KORT ER EKKI Á STAÐNUM

39. Gildissvið og umsókn

39.1. Þessir sérstöku skilmálar gilda fyrir alla seljendur sem taka við færslum þar sem kort er ekki á staðnum. Fari slíkar færslur í gegn um netið gilda auk þess sérstakir skilmálar Borgunar fyrir netseljendur.

39.2. Þessir sérstöku skilmálar eru viðbót við almenna skilmála Borgunar og er ekki ætlað að ganga framár né koma í staðinn fyrir ákvæði almennra skilmála Borgunar þó að því gefnu að stangist skilmálar þessir á við almenn ákvæði þá skulu skilmálar þessir gilda.

40. Heimild til að gera færslur á kort þegar kort er ekki á staðnum

40.1. Aðeins þeim seljendum sem hafa til þess sérstaka heimild Borgunar er heimilt að senda inn færslur sem gerðar eru án þess að kort sé á staðnum.

41. Söfnun og varðveisla upplýsinga

41.1. Þegar um er að ræða færslur sem gerðar eru án þess að kort sé á staðnum skal seljandi fá eftirfarandi upplýsingar frá korthafa:

- (a) kortnúmer;
- (b) gildistíma kortsins;
- (c) CVC2/CVV2 númer;
- (d) nafn korthafa og upphafsstafi nafns hans;
- (e) ef við á, lögheimili korthafa;
- (f) ef við á, heimilisfang sem afhenda á vöru á, ef annað en lögheimili korthafa; og
- (g) þær viðbótarupplýsingar sem Borgun tilkynnir seljanda skriflega um að hann þurfi að afla.

41.2 Seljandi skal halda skrá yfir allar upplýsingar sem

tilgreindar eru hér að ofan fyrir utan þær sem

nefndar eru í ákvæði 41.1 (c).

42. Færslukvittanir

42.1. Óski korthafi þess skal senda honum afrit færslukvittunar þá með tölvupósti eða öðrum hætti s.s. rafrænum hætti eða í pósti.

XIII. SÉRSTAKIR SKILMÁLAR FYRIR NETSELJENDUR

43. Gildissvið og umsókn

43.1. Þessir sérstöku skilmálar skulu gilda fyrir alla seljendur sem taka við kortafærslum gegnum netið.

43.2. Þessir sérstöku skilmálar eru viðbót við önnur ákvæði almennra skilmála Borgunar sem ekki er ætlað að ganga framár né koma í stað ákvæða almennra skilmála Borgunar þó að því gefnu að stangist skilmálar þessir á við almenn ákvæði þá skulu skilmálar þessir gilda.

44. Heimild til að taka við greiðslum á netinu

44.1. Eingöngu seljendur sem hafa fengið til þess sérstaka heimild Borgunar mega taka við gildum netfærslum sem greiðslu.

44.2. Staðsetning seljanda telst vera sú vefsíðuslóð sem tilgreind er í umsókn um seljandasamning.

44.3. Seljandi skal gæta þess að greiðslur sem gerðar eru yfir netið séu réttilega merktar sem netgreiðslur.

45. Upplýsingagjöf á vefsíðum

45.1. Seljandi skal með skilmerkilegum hætti birta eftirfarandi upplýsingar á þeim vefsíðum sem tekur við kortafærslum sem greiðslu:

- (a) merki kortafélaganna skulu birt í fullum litgæðum með sama hætti og á sama stað og tilgreindar eru aðrar greiðsluleiðir.
- (b) fullnægjandi lýsingu á vöru eða þjónustu sem er til sölu á vefsíðunni;
- (c) skila – og endurgreiðslustefnu seljanda;
- (d) skilmála og skilyrði kaupa ef við á;
- (e) “smella til að samþykkja” hnapp eða aðra staðfestingu sem sýnir fram á að korthafinn hafi samþykkt skila- og endurgreiðslustefnu seljanda.
- (f) upplýsingar um þjónustutengilið seljanda og netfang eða símanúmer;
- (g) heimilisfang fastrar starfsstöðvar seljanda og heimilisfang útibús seljanda;
- (h) upplýsingar um færslumynt;
- (i) upplýsingar um takmarkanir á útflutningi ásamt upplýsingum um aðrar takmarkanir samkvæmt lögum (ef þekktar);
- (j) afhendingarstefnu seljanda;
- (k) persónuverndarstefnu seljanda;

- (l) upplýsingar um í hvaða landi útibú seljanda er á þeim tíma sem greiðsluleiðir eru boðnar korthafa;
- (m) Öryggisstig seljanda og stefnu um flutning kortaupplýsingar; og
- (n) birtingu seljandaskilmála í pöntunarferli, annað hvort:
 - (i) á þeim skjá þar sem gengið er frá greiðslu eða þar sem tilgreind er heildarfærsluupphæð, eða
 - (ii) innan þeirrar raðar af vefsíðum sem korthafi þarf að fara í gegnum áður en hann kemur að greiðslusíðunni.

46. Færslukvittanir

- 46.1. Þegar um er að ræða netfærslu skal birta korthafa kvittun í prentformi eftir að hann samþykkir kaupin. Krefjist korthafi þess skal afrit færslukvittunar sent honum með tölvupósti eða öðrum rafrænum leiðum.

47. Öryggi og dulkóðun

- 47.1. Seljandi sem tekur við kortafærslum á netinu skal tryggja að að kortnúmer séu dulkóðuð við miðlun og vistun.
- 47.2. Borgun áskilur sér rétt til að hafna ákveðnum netfærslum ef 3D Secure þjónusta er ekki nýtt. Ef 3D Secure er notað skal auðkenning korthafa við hverja heimildabeiðni vera með þeim hætti sem útgefandi kortsins hefur ákvarðað.

48. Notkun á samstarfsaðilum

- 48.1. Seljandi skal ekki án samþykkis Borgunar nýta samstarfsaðila í þeim tilgangi að auka umferð um vefsíðu sína. Borgun er hvenær sem er heimilt að biðja um afrit af samningum seljanda og samstarfsaðila hans.

49. Uppgjör

- 49.1. Í samræmi við eðli alþjóðlegrar greiðslumiðlunar er uppgjörsfjárhæð ekki greidd til seljanda fyrr en eftir uppgjörsdag.

50. Veltutrygging og öryggi

- 50.1. Borgun er heimilt að stofna til veltutryggingar til að tryggja endurheimt Borgunar vegna hvers konar gjalda og/eða annarra fjárhæða sem seljandi skuldar, eða mun fyrirsjáanlega skulda Borgun, samkvæmt seljandasamningi eða við brot seljanda á seljandasamningi.
- 50.2. Ef Borgun stofnar til veltutryggingar skal Borgun draga fjárhæð tryggingarinnar af færsluupphæðum seljanda til að fjármagna veltutrygginguna.
- 50.3. Frádráttur vegna veltutryggingar skal vera tilgreindur í umsókn eða tilkynntur af Borgun til seljanda með öðrum hætti. Ef frádráttur veltutryggingar er ekki tilgreindur í umsókn um seljendasamning né hafi Borgun tilkynnt um frádráttinn vegna veltutryggingar til seljanda með öðrum hætti skal frádráttur vera núll. Borgun áskilur sér rétt til að breyta frádrætti vegna veltutryggingar hvenær sem er með tilkynningu til seljanda, þar með talið ef starfsemi eða athafnir seljanda hafa gefið Borgun ástæðu til að telja að núverandi frádráttur vegna veltutryggingar geti ekki með fullnægjandi hætti tryggt Borgun vegna starfsemi umfram viðmiðunarmörk, aukningar í færslumagni umfram upphaflega áætlun seljanda, viðvörunum eða mati kortafélaganna sem og neikvæðrar eða versnandi fjárhagsstöðu seljanda.
- 50.4. Tilkynning um stofnun veltutryggingar eða breytingu á prósentuhlutfalli frádráttar skal senda til seljanda að minnsta kosti tveimur (2) mánuðum fyrir fyrsta frádrátt af uppgjöri vegna veltutryggingar eða þeim tíma sem áætlað er að breyting á frádrætti vegna veltutryggingar af uppgjöri taki gildi. Ef Borgun tilkynnir seljanda um stofnun veltutryggingar eða breytingu á veltutryggingu getur seljandi sagt seljandasamningi upp án fyrirvara áður en að breytingarnar taka gildi og tekur þá uppsögn gildi samstundis.

- 50.5. Borgun er heimilt að nota allt fjármagn úr veltutryggingu til að greiða hver þau gjöld og/eða aðrar fjárhæðir sem seljandi skuldar Borgun. Allar greiðslur af veltutryggingu skulu skráðar af Borgun.
- 50.6. Frádráttur vegna veltutryggingar vegna allra færslufjárhæða innan mánaðar skal, í samræmi við önnur ákvæði seljandasamnings, greiða sex (6) mánuðum eftir síðasta dag þess mánaðar sem færsla var send inn. Til dæmis, frádráttur vegna veltutryggingar í maí, að því marki sem hann er ekki nýttur til að greiðslu endurkafna, endurgreiðslna, þóknana eða annarra skulda seljanda við Borgun og í samræmi við önnur ákvæði seljandasamnings, verður greiddur seljanda á næsta uppgjörsdegi eftir 30. nóvember. Borgun heldur áfram að greiða af fjárhæð veltutryggingar mánaðarlega eftir uppsögn seljandasamnings.
- 50.7. Seljandi skal einungis hafa rétt á greiðslum úr veltutryggingu frá og með þeirri dagsetningu sem tilgreind er í ákvæði 50.6 í samræmi við rétt Borgunar til að halda eftir greiðslum samkvæmt seljandasamningi. Borgun mun greiða fjárhæðir úr veltutryggingu á sem hagkvæmastan hátt fyrir Borgun. Seljandi hefur ekki rétt á neinum vöxtum á fjárhæðir sem geymast í veltutryggingu.
- 50.8. Með því að samþykkja skilmála seljandasamnings veitir seljandi Borgun heimild til að halda eftir öllum fjárhæðum sem Borgun skuldar seljanda til tryggingar skuldum seljanda við Borgun, hvort heldur þær tengjast seljandasamningi eður ei, sem og til tryggingar greiðslu fjárhæða sem Borgun ber lögum samkvæmt að standa skil á vegna seljanda.
- 50.9. Réttindi Borgunar vegna veltutryggingar og önnur réttindi samkvæmt ákvæði 18.4 skulu gilda áfram þrátt fyrir að seljandasamningi sé sagt upp.